

Sp.

909. Nefndarálit

[103. mál]

um till. til þál. um lagahreinsun og samræmingu gildandi laga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til breytingartillögu, sem samstaða hefur náðst um, á sérstöku þingskjali. Þannig breytt leggur nefndin til að þáltill. verði samþykkt. Þar sem málið er umfangsmikið þykir rétt að gera grein fyrir helstu þáttum þess.

Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/1969, 3. gr. 19. tl., fer dóms- og kirkjumálaráðuneyti með mál er varða útgáfu „Stjórnartíðinda, lagasafns og Lögbirtinga-
blaðs“, en lagasafn skal gefa út á 10 ára fresti, skv. 2. mgr. 3. gr. 1. nr. 48/1929.

Lagastofnun Háskóla Íslands var falið að annast útgáfu lagasafns þess sem nú er að koma út. Það hefur verið gert í samvinnu við dómsmálaráðuneytið og sýnist eðlilegt að það samstarf haldi áfram, a. m. k. þangað til sýnt er að önnur skipan sé hentari.

Í þáltill. um lagahreinsun og samræmingu gildandi laga á þskj. 124 er einungis gert ráð fyrir lagahreinsun. Miklu eðlilegra virðist að fella það verk að viðtækara verkefni, sem sé sívinnslu lagasafns.

Nú liggur fyrir tölvuskráður texti gildandi laga í landinu, þannig að öll vinnsla verður framvegis mun auðveldari en áður. Því er lagt til í a-lið 1. tl. tillögunnar að þegar verði hafist handa um að færa textann til samræmis við nýja löggjöf og gera það hér eftir jafnóðum og tilefni gefst, þannig að ávallt sé til réttur texti gildandi laga. Verður þá endurútgáfa lagasafns eða einstakra kafla þess engum vandkvæðum bundin og ætti að verða tiltölulega ódýr.

Jafnframt þessu ætti að huga að lagahreinsun eins og þáltill. gerir ráð fyrir. Til framkvæmdar slíks verkefnis og annarra, sem í tillögunni getur, er einn maður æskilegri en nefnd, enda nauðsynlegt að leita til miklu fleiri sérfræðinga en líklegt væri að nefndina skipuðu. Sérfræðingar, tilkvaddir eftir þörfum, veittu slíkum framkvæmdastjóra miklu meira fulltingi en nefnd; nefnd er almennt ekki heppileg til framkvæmda.

Pegar rætt er um lagahreinsun hefur einkanlega verið horft á nokkur ákvæði frá 13. öld, ellegar 17., 18. og 19. öld. Þótt ljóst sé að þar sé að finna ákvæði sem að skaðlausu má fella niður eru þau ekki mikil að vöxtum, né heldur til neins trafala, en setja sum hver skemmtilegan svip á safnið. Jónsbókarákvæðin frá 1281 munu vera alveg einstök í lagasafni nú á dögum og minna á langa sögu Alþingis sem löggjafarstofnunar. Hins vegar er mikil nauðsyn að hreinsa til í löggjöf þessarar aldar og má nefna sem dæmi löggjöf þá, sem er í kaflanum um fjárhagsmálefni, sbr. Lagasafn 1984, d. 179—348, ellegar kaflanum um skatta og gjöld, d. 348—515. Slík lagahreinsun er þó vandaverk og verður ekki unnin nema í samvinnu við sérfræðinga eins og fyrr sagði. Hér má minna á fastar nefndir, eins og réttarfarsnefnd og refsilaganefnd. Lagahreinsun á þessum sviðum er eðlilegast að gera í náinni samvinnu við þær.

Þar sem verið er að endurskoða löggjöf á tilteknu sviði, svo sem um banka- og kirkjumálefni, hlýtur lagahreinsun að vera eðlilegur þáttur í slíkri endurskoðun.

Það sem sagt hefur verið um lög hér að framan á einnig við um reglugerðir. Stefna ætti að útgáfu reglugerðasafna um einstök svið, hreinsun og einföldun reglugerða. Má segja að það verk sé ef til vill brýnast allra verkefna á þessu sviði.

Þá er nauðsynlegt að leggja á ráð um framtíðarskipan á útgáfu laga og reglugerða, m. a. að færa vinnsluna á eina rás til að koma sem mest í veg fyrir tvíverknað, staðla form og annan frágang.

Nú sem stendur er verið að undirbúa flutning texta lagasafnsins í tölvu Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar og við þann flutning verður leitast við að halda sem flestum möguleikum opnum.

Í lok tillögunnar er gert ráð fyrir nefnd framkvæmdastjóra til ráðuneytis og annars áþekks fulltingis. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að nefndin annist neinar framkvæmdir. Hún komi saman til að varpa fram hugmyndum og verði að öðru leyti til skrafs og ráðagerða. Af henni verði ekki krafist mikillar vinnu, enda verði hún ólaunuð. Áþekkar nefndir eða ráð starfa í nágrannalöndunum þar sem unnið er að verkefnum eins og þessum.

Alþingi, 15. maí 1984.

Ólafur Þ. Þórðarson,
form., frsm.

Guðrún Helgadóttir.

Stefán Benediktsson,
fundaskr.

Guðmundur H. Garðarsson.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorsteinn Pálsson.

Eggert Haukdal.